Kópavogur

Staða og þróun veikindafjarvista hjá Kópavogsbæ

Minnisblað

Kópavogsbær safnar og birtir tölfræði mannauðs þ.m.t. tölfræði um veikindafjarvistir í mælaborði mannauðs. Skrifstofa mannauðs- og kjaramála hefur unnið að framsetningu mælaborðs mannauðs sl. ár en aðrir sem koma að vinnunni eru starfsfólk Kópavogsbæjar í greiningardeild og stafrænni þróun.

Mælaborð mannauðs er fyrst og fremst verkfæri fyrir framkvæmdastjórn eins og staðan er núna, nema tölfræði sem snýr að greiningum á tíðni **skammtímaveikinda** (Bradford stig) er opin öllum stjórnendum með mannaforráð. Mælaborðið er í stöðugri þróun og vert er að hafa í huga að ef að Kópavogsbær tekur ákvörðun um að breyta forsendum fyrir útreikningi gagna þá geta tölurnar breyst.

Hér á eftir er gert grein fyrir stöðu **heildarveikindafjarvista** eins og þær birtast í mælaborði mannauðs með sérstakri áherslu á skammtímaveikindi og mun milli starfahópa. Staða og þróun hvað varðar einstaka starfsstaði er ekki sett fram.

Byggt er á almennum upplýsingum úr mælaborði mannauðs um skammtímaveikindi og heildarveikindi. Þess til viðbótar eru starfahópar skoðaðir nánar þar sem fyrir liggja nægilega góð gögn úr launa- og mannauðskerfum. Sérstaklega er horft til breytinga milli ára, hvar skammtímaveikindi eru hlutfallslega mest og hvar vísbendingar eru um jákvæða þróun.

Forsendur útreikninga veikindafjarvista

Fjarvistir starfsfólks á grundvelli veikinda má setja fram með ýmsum hætti. Í þeirri tölfræði sem Kópavogsbær teflir fram í dag eru forsendir útreikninga veikindafjarvista eftirfarandi:

Tímabil birt:

Afmörkun tímabila á mánuði miða við 1. hvers mánaðar og birtur er hver mánuður fyrir sig. Þannig eru fjarvistir skráðar 1. september – 30. september birtar fyrir septembermánuð. Ef breytingar eru gerðar í skráningum, afturvirkt þá hafa þær breytingar áhrif á gögn sem birtast. Mælaborðið uppfærist á sólarhringsfresti og því verður að teljast eðlilegt að gögn geta breyst á milli daga og þá sérstaklega þau gögn sem eru næst okkur í dagsetningu þegar tölfræðin er skoðuð.

Starfsmannahópur: Gögnin eiga við allt starfsfólk, að undanskildu starfsfólki í sumarstörfum. Jafnframt er ekki horft til bæjarfulltrúa eða fulltrúa í nefndum eða ráðum þar sem sá hópur er að öllu jöfnu ekki skilgreindur sem starfsfólk hjá Kópavogsbæ. Ef starfsmaður hjá Kópavogsbæ er einnig bæjarfulltrúi eða situr sem starfsmaður í nefnd eða ráði þá eru veikindafjarvistir þess starfsmanns í því nefndarstarfi, ekki skráðar.

Tegundir veikinda: Allar fjarvistir eru skráðar í tímaskráningakerfið Vinnustund. Þar velur stjórnandi við yfirferð vinnutíma fjarvistartegund á hverja fjarvist starfsmanns. Hvað varðar veikindi er tölfræði safnað á grundvelli nokkurra fjarvistartegunda. Stærstu flokkarnir eru skammtímaveikindi, langtímaveikindi, hlutaveikindi, fjarvistir vegna veikinda barna.

Veikindaprósenta: Veikindaprósenta er það hlutfall sem starfsmaður er fjarverandi á þeim tíma sem hann á að vera að vinna þ.e. fjarvera reiknast því sem hlutfall af vinnuskyldu. Vinnuskylda er sá fjölda tíma sem starfsmaður á að vinna skv. kjarasamningum og sú vinnuskylda er skráð í Vinnustund. Að öllu jöfnu er vinnuskylda starfsmanns í 100% starfi alls 36 klt á viku. Starfsfólk á kjarasamningum Kennarafélags Íslands (KÍ) eru undanskilin, þar er vinnuskylda 8 klt á viku. Við útreikning veikindaprósentu er tímum í vinnuskyldu, úr Vinnustund, deilt upp í tímafjölda í veikindafjarveru.

Veikindakostnaður: Kostnaður vegna veikinda starfsfólks eru þau laun sem starfsmaður er á og þiggur í fjarvistum þó hann mæti ekki til starfa. Í tölfræði Kópavogsbæjar eins og er, er kostnaður vegna veikindafjarvista starfsfólks einungis settur fram á grundvelli grunnlauna. Kostnaður vegna veikindafjarvista sem byggir eingöngu á grunnlaunum er því einungis hluti heildarkostnaðar. Annar kostnaður sem horfa þarf til er yfirvinna, bæði föst og breytileg, meðaltalslaun hjá vaktavinnufólki í fjarvistum því þau geta að hluta til verið afturvirk, viðbótarlaun sem geta falist í launaflokkum, álagi sem er greitt, tímabundnum viðbótarlaunum, veikindakostnaði sem fellur á helgar í langtímaveikindum o.fl.

Kópavogsbær hefur hafið skoðun á bestu leiðum til að ná yfirsýn yfir heildarkostnað en sú vinna stendur yfir.

Samantekt:

Hugtak	Skilgreining
Skammtímaveikindi	Veikindi sem skráð eru sem skammtímaveikindi í Vinnustund.
Veikindaprósenta	Hlutfall veikindatíma af vinnuskyldu á tilteknu tímabili.
Langtímaveikindi	Veikindi sem taka við þegar skammtímaveikindum lýkur og starfsmaður er áfram óvinnufær.
Heildarveikindi	Öll veikindi samanlögð, þ.e. skammtímaveikindi, langtímaveikindi, hlutaveikindi og veikindi barna.

Þróun skammtímaveikinda

Skammtímaveikindi er sá þáttur sem Kópavogsbær hefur unnið markvisst með undanfarin ár í tengslum við viðverustjórnun og notkun Bradford-stiga sem mælikvarða á stuttar og endurteknar veikindafjarvistir. Bradford mælir tíðni veikinda þ.e. hversu oft starfsmaður er veikur og í því samhengi er talað um veikindalotur.

Bradford-stig	Veikindalotur	Veikindadagar	Meðallengd lotu
-17.0%	-2.5%	-8.6%	-6.3%
75,096 → 62,310 á mánuði	916.8 → 894.1 á mánuði	2,821 → 2,578 á mánuði	3.08 → 2.88 dagar á lotu

Ef janúar til ágúst árið 2025 eru bornir saman við sama tímabil 2026 má sjá lækkun Bradford-stiga um 13.000 stig að meðaltali á mánuði á milli ára eða lækkun um 17%. Veikindalotum (þ.e. tíðni veikinda) fækkar á sama tíma um 2,5% og veikindadögum um 8,6%. Meðallengd veikindalotu styttist úr 3,08 í 2,88 daga eða um 6,3%.

Ef horft er á sama tímabil í mælaborði mannauðs má sjá lækkun á skammtímaveikindum í flestum mánuðum. Heildarprósenta yfir allt árið getur þó haldist há þar sem að um meðaltal er að ræða. Það hefur náðst árangur í lækkun skammtímaveikinda á einstökum starfsstöðum en breyting milli ára getur virst lítil þegar hún er sett fram í heildarprósentum. Skoða þarf gögn einstakra starfsstaða og starfahópa til að sjá lækkun í skammtímaveikindum.

Kópavogur

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um þróun skamtímaveikinda á grundvelli ákveðinna starfahópa. Hér er unnið með gögn fyrri hluta árs 2026.

Samanburður flokka – skammtímaveikindi

Svið	2024	2025	2026	Breyting 25–26	Veikinda-STG af hverjum 100 STG
Grunnskólar	5.50%	6.58%	6.84%	+1.34%	6.84
Leikskólar	6.52%	7.10%	6.03%	-1.07%	6.03
Heimili fyrir fatlaða	5.73%	6.42%	5.36%	-0.37%	5.36
Bæjarskrifstofur	6.10%	4.77%	4.51%	-1.58%	4.51
Félagsmiðstöðvar	3.01%	2.63%	2.59%	-0.43%	2.59

Setja má ýmis viðmið um hvað telja mætti háar eða lágar veikindafjarvistir. Taka má dæmi að ef starfsmaður er veikur að meðaltali 2 daga í mánuði þá samsvarar það um 9% veikindahlutfalli. Með það dæmi í huga má sjá að á á tímabilinu janúar - ágúst 2026 eru 12 starfahópar með yfir 9% veikindahlutfall vegna skammtímaveikinda. Ef horft er til stærri hóps eða rúmlega 40 starfahópa er skammtímaveikindahlutfall frá 0,7% til um 12%.

Heildarveikindi

Samantekt yfir allar veikindafjarvistir þ.e. hlutfall heildarveikinda sýnir að það er misgóður árangur eftir mánuðum, sem og á ársgrundvelli. Árangur í því að lækka skammtímaveikindi eru þó til staðar á stökum starfsstöðum og starfahópum þó heildarmeðaltal fyrir Kópavogsbæ í heild sýni annað (sjá töflu). Hér hafa aðrir þættir áhrif s.s. langtímaveikindi og hlutaveikindi.

Öll veikindi

Ár		Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
2026	Veikindaprósenta vegna skammtímaveikinda	6.2 %	6.9 %	6.2 %	5.1 %	5.6 %	5.7 %	3.6 %	4.6 %	6.1 %	6.1 %			5.6 %
	Veikindaprósenta vegna langtímaveikinda	3.78%	4.02%	3.69%	3.15%	3.20%	4.04%	3.67%	3.47%	2.52%	2.56%			3.45%
	Veikindaprósenta vegna hlutaveikinda	0.36%	0.62%	0.59%	0.50%	0.53%	0.47%	0.17%	0.34%	0.19%	0.18%			0.41%
	Veikindaprósenta vegna barna	0.90%	1.07%	0.85%	0.71%	0.59%	0.48%	0.10%	0.21%	0.66%	0.65%			0.64%
	Veikindaprósenta öll veikindi	11.27%	12.61%	11.36%	9.50%	9.95%	10.67%	7.54%	8.57%	9.49%	9.51%			10.13%
2025	Veikindaprósenta vegna skammtímaveikinda	8.0 %	6.7 %	6.4 %	6.2 %	6.6 %	6.5 %	4.0 %	3.0 %	5.7 %	7.7 %	8.3 %	8.0 %	6.5 %
	Veikindaprósenta vegna langtímaveikinda	3.22%	3.75%	4.05%	4.36%	3.76%	4.26%	4.93%	2.94%	2.40%	3.18%	3.98%	4.99%	3.73%
	Veikindaprósenta vegna hlutaveikinda	0.25%	0.42%	0.40%	0.31%	0.34%	0.27%	0.05%	0.12%	0.36%	0.39%	0.36%	0.34%	0.31%
	Veikindaprósenta vegna barna	1.01%	0.79%	0.82%	0.73%	0.65%	0.45%	0.11%	0.23%	0.65%	0.85%	1.28%	1.00%	0.73%
	Veikindaprósenta öll veikindi	12.53%	11.69%	11.69%	11.65%	11.35%	11.45%	9.05%	6.34%	9.14%	12.08%	13.95%	14.30%	11.23%
2024	Veikindaprósenta vegna skammtímaveikinda	5.5 %	5.5 %	5.4 %	6.7 %	5.9 %	9.1 %	3.8 %	5.2 %	6.2 %	6.3 %	7.1 %	7.1 %	6.0 %
	Veikindaprósenta vegna langtímaveikinda	1.66%	1.84%	2.34%	2.86%	3.06%	5.28%	3.87%	3.58%	2.57%	2.93%	3.63%	4.16%	2.91%
	Veikindaprósenta vegna hlutaveikinda	0.20%	0.23%	0.26%	0.21%	0.20%	0.30%	0.13%	0.18%	0.13%	0.11%	0.10%	0.09%	0.18%
	Veikindaprósenta vegna barna	0.76%	0.69%	0.75%	0.76%	0.65%	0.64%	0.10%	0.37%	0.63%	0.78%	0.92%	1.02%	0.68%
	Veikindaprósenta öll veikindi	8.08%	8.31%	8.71%	10.50%	9.85%	15.35%	7.94%	9.37%	9.54%	10.09%	11.77%	12.40%	9.76%

Til viðbótar:

Ofangreint sýnir umfang og þróun veikindafjarvista en skýrir ekki orsakir þeirra. Tölfræðin styður við umræða og markvissa eftirfylgni en er ekki einhlítt mat á starfahópum eða starfsstöðum. Vert er að hafa eftirfarandi í huga:

- Túlka þarf niðurstöður fámennra hópa með sérstakri varúð. Starfshópar eru misfjölmennir, störf ólík og starfsaðstæður mismunandi. Há veikindaprósenta getur meðal annars tengst eðli starfa, aldurssamsetningu, álagi, vaktavinnu, hvort starfið er erfitt andlega eða líkamlega eða áhrifum fárra einstaklinga í fámennum hópi.

- Núverandi gögn sýna ekki nægilega vel hvort veikindafjarvistir dreifist á marga starfsmenn eða hvort fáir einstaklingar skýri stóran hluta veikindaprósentunnar. Til að svara því þarf frekari greiningu á fjölda veikindatilvika, fjölda einstaklinga með veikindafjarvistir og dreifingu veikindadaga innan hvers starfahóps.

Kópavogur 3.nóvember 2026

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

mannauðsstjóri

Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

Tími: 03.11.2026 12:19
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign